



## 1590. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
14.10.2015, kl. 11:30

Frímann Ari Ferdinandsson

### 1. Fundargerð 1589. fundar

Samþykkt.

### 2. Formannafundur ÍSÍ

Verður 27. nóvember. Fyrirhugað að fulltrúar íþróttahéraða hittist fyrir um daginn.

### 3. Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Erindi lagt fram. Framkvæmdastjóri skoðar nánar ásamt starfsfólki.

### 4. Erindi Ungmennafélagsins R36

Lögð fram tilkynning um að félagið hafi verið lagt niður.

### 5. Afmæli

Íþróttafélagið Ösp er 35 ára og fékk 50.000 kr. að gjöf frá ÍBR sbr. reglur þar um. Formaður ÍBR veitti við sama tækifæri Ólafi Ólafssyni formanni Aspar gullmerki ÍBR.

Keilufélag Reykjavíkur fagnar á næstunni 30 ára afmæli sínu og mun fá 150.000 að gjöf frá ÍBR sbr. reglur þar um. Samþykkt að veita Þóri Ingvarssyni fyrrum formanni félagsins gullmerki ÍBR.

### 6. Verkefnasjóður ÍBR

Fyrirliggjandi tillaga sjóðsstjórnar samþykkt. M.a. rætt um að endurskoða reglurnar og/eða gera frekari leiðbeiningar. Ákveðið að setja tímamörk fyrir hversu lengi úthlutanirnar úr Verkefnasjóði og Afrekssjóði gilda. Samþykkt að sækja þurfi fjármagn vegna beggja úthlutana ársins hverju sinni fyrir 1. apríl á komandi ári.

### 7. Afrekssjóður ÍBR

Fyrirliggjandi tillaga sjóðsstjórnar samþykkt. Sjá lið 6 varðandi gildistíma úthlutana.

### 8. Erindi FÍRR vegna aðgengis að mannvirkjum

Erindið FÍRR lagt fram sem og minnisblað framkvæmdastjóra ÍBR vegna málsins. Samþykkt að bjóða Frey Ólafssyni FÍRR og Ómari Einarssyni framkvæmdastjóra ÍTR að funda með ÍBR vegna þessa. Almenn rætt um möguleikann á að setja skýrari ramma um úthlutun æfinatíma félaga til annars starfs, hvort sem það er á vegum íþróttahreyfingarinnar eða annarra. Sérstaklega rætt um sérsamböndin og mannvirkjaþörf þeirra, þarf að leysa úr þeim málum með formlegri hætti.

### 9. Samingur við Reykjavíkurborg

Formaður fór yfir stöðu mála.

### 10. Afreksíþróttamiðstöð

Formaður fór yfir stöðu mála og greindi frá hugmyndum ÍSÍ um að taka yfir stjórnun verkefnisins. Samþykkt að kalla eftir áætlun frá ÍSÍ um framhald verkefnisins.

### 11. Önnur mál

Engin mál tekin upp undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:00.

Fundarritun Gígja Gunnarsdóttir og Frímann Ari Ferdinandsson